

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. júní 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-51/2010.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. apríl sl. bað A f.h. B, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þvottavél hjá C 11. desember 2006 sem hann segir hafa verið gallaða. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði sér kr. 89.995 sem hann segir vera kaupverð nýrrar vélar af sömu gerð og hann keypti.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 28. apríl. Með bréfi dags. 29. apríl var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin bárust þær 6. maí. Með bréfi frá 12. maí sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir sambýliskonu sína hafa keypt þvottavél hjá C 11. desember 2006. Kæruneftndin lítur svo á að álitsbeiðandi biðji um álit kæruneftndarinnar í umboð hennar. Belgurinn utan um tromluna í vélinni hafi gliðnað sundur á samskeytum og sé því vélin ónýt. Álitsbeiðandi kveðst hafa kvartað við seljanda og fengið í fyrstu þau svör að þvottavélin væri ekki lengur í ábyrgð hans en sér boðið nýja þvottavél til kaups með 10% afslætti. Af tölvupósti sem álitsbeiðninni fylgdi verður helst ráðið að þessi samskipti hafi átt sér stað í fyrrihluta ferðar sl. Álitsbeiðandi kveðst hafa í framhaldi af þessu keypt sér nýja þvottavél hjá annarri verslun. Samkvæmt reikningi sem álitsbeiðninni fylgdi kostaði sú vél tæplega kr. 95.000.

Álitsbeiðandi kveðst aftur hafa haft samband við seljanda og eftir að vélin hafi verið skoðuð af fagaðila hafi hann viðurkennt að bera ábyrgð á tjóninu. Þar sem hann hafi verið búinn að kaupa sér nýja þvottavél hafi ekki komið til álita að seljandi afhenti nýja þvottavél í stað þeirra gömlu en seljandi hafi þess í stað boðið sér úttekt í verslun sinni fyrir rúmlega kr. 44.000 sem hafi verið kaupverð gölluðu þvottavélarinnar fyrir rúmum þremur árum. Við það hafi hann gert þá athugasemd að eðlilegt væri að seljandi greiddi sér fjárhæð sem svaraði verði nýrrar sams konar þvottavélar en það hafi seljandi ekki viljað gera. Seljandi hafi sagt að ekki væri verðvernd á söluhlutum og ekki bæri hann ábyrgð á falli krónunnar sem álitsbeiðandi kveðst hafa sagt að hann gerði ekki heldur. Seljandi hafi bent á að álitsbeiðandi sjálfur hafi ákveðið að kaupa nýja þvottavél auk þess sem hann hafi haft not af þvottavélini í þrjú ár. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa svarað því til að hefði málið farið í eðlilegan farveg strax í upphafi, þ.e. að seljandi hefði látið meta tjónið strax, hefði hann beðið með að kaupa sér nýja vél. Seljandi vilji með þessum hætti láta sig bera helminginn af ábyrgðartjóni vegna falls krónunnar í stað þess að bæta tjónið

að fullu. Þá segir orðrétt í álitsbeiðninni: „Í ljósi aðstæðna tel ég ekkert annað koma til greina en að C veiti mér inneign að andvirði sambærilegrar þvottavélar sem ábyrgðartjónið á að dekkja. Ódýrasta þvottavélin sem C býður upp á af gerðinni D og sambærileg þeirri sem reyndist gölluð kostar 89.995.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

„B [sambýliskona álitsbeiðanda] kaupir þvottavél 11/12/06 á kr. 44.995. Í mars 2010 bilar hún og eftir skoðun verkstæðis þá er bilun metin þannig að hún falli undir ábyrgð. Eigandi vélarinnar hefur á meðan á mat á vélinni fór fram keypt aðra vél hjá ónefndum aðila. Við þjóðum honum fulla endurgreiðslu sem er 44.995,- þrátt fyrir að hann hafi haft not af vélinni í 3 ár. Eigandi fer fram á endurgreiðslu á núvirði sambærilegrar vélar sem er 89.995,-. C hafnar alfarið að greiða meira en það sem upphaflega var greitt fyrir vélina. Að lokum vil ég vísa í texta sem tekinn er úr neytendalögum. „Seljandinn hefur rétt til að velja hvaða úrbætur sé hagstæðastar fyrir hann og feli ekki í sér ósanngjarnan kostnað““.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda segir m.a. að það hafi ekki verið fyrir tilstuðlan seljanda að þvottavélin hafi farið í skoðun á viðurkenndu verkstæði heldur eftir töluverðan þrýsting af sinni hálfu sem hafi komið til vegna fréttáflutnings um ábyrgð á stærri heimilistækjum. Seljandi hafi ekki viljað bæta tjónið og sér hafi verið nauðsyn á að hafa þvottavél á heimilinu og því keypt nýja. Vélin sem hann keypti hjá seljanda hefði að öllu jöfnu átt að endast í 7-10 ár í viðbót.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og C falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Af því sem kemur fram í gögnum málsins dregur kærunefndin þá ályktun að ekki sé ágreiningur á milli aðila um það að þvottavélin sem álitsbeiðandi keypti hafi verið gölluð og að seljandi beri ábyrgð á þeim galla samkvæmt neytendakaupalögum. Ágreiningurinn stendur hins vegar um það með hvaða hætti seljandi eigi að bæta álitsbeiðanda það tjón sem hann hefur orðið fyrir vegna gallans.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Þar segir eftirfarandi í 1. mgr.:

Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr.;
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;

e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.;

Fram kemur hjá álitsbeiðanda að hann hafi keypt sér nýja þvottavél og því komi ekki til álita að tjónið verði bætt með því að seljandi afhendi honum nýja þvottavél, sbr. ákvæði b-liðar 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði honum fjárhæð sem svari núverandi verði sambærilegrar þvottavélar og hann keypti árið 2006 og verður að líta á þá kröfu sem skaðabótakröfu, sbr. e-lið 1. mgr. 26. gr. neytendakaupalaga. Seljanda hefur hins vegar boðið álitsbeiðanda að greiða honum sömu fjárhæð og kaupverð þvottavélarinnar sem álitsbeiðandi keypti árið 2006.

Kærunefndin álitur að álitsbeiðandi eigi rétt á skaðabótum vegna þess galla sem reyndist vera á þvottavélinni en hún er nú ónýt. Um skaðabætur samkvæmt neytendakaupalögum fer eftir ákvæði 33. gr. laganna en þar segir: „Neytandi getur krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut.“ Þessi regla er hin sama og almennar skaðabótareglur sem þýðir það að meta verður eftir þeim atvikum sem fyrir liggja hverjar eru hæfilegar bætur fyrir viðkomandi tjón. Hér hagar svo til að álitsbeiðandi keypti sér nýja þvottavél og eftir því sem best verður séð var það vegna þess að seljandi neitaði í upphafi að hann bæri ábyrgð á gallanum. Gera verður ráð fyrir að álitsbeiðandi hefði getað krafist nýrrar afhendingar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 29. gr. þótt kærunefndin telji ástæðulaust að taka sérstaklega afstöðu til þess. Sú vél sem álitsbeiðandi keypti var á ívið hærra verði en verð á þvottavél sambærilegri þeirri sem álitsbeiðandi keypti er nú, en tekur 7 kíló af þvotti í stað 6 eins og vél álitsbeiðanda gerði. Við mat á hæfilegum skaðabótum verður ekki litið framhjá því að álitsbeiðandi notaði þvottavélina sem hann krefst bóta fyrir í þrjú ár en í gögnum málsins kveðst hann miða við að vélin hefði átt að endast í 10-13 ár. Með framangreint í huga álitur kærunefndin að hæfilegar bætur sem seljandi, C, greiði álitsbeiðanda séu kr. 55.000.

VII

Álitsorð

C greiði álitsbeiðanda, B, kr. 55.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

